



Ályktunartillögur stjórnar Vátryggingafélags Íslands

fyrir aðalfund félagsins þann 17. mars 2022

Dagskrárlíður 2

Tillaga um staðfestingu á ársreikningi félagsins.

Stjórn félagsins leggur til að ársreikningur félagsins fyrir árið 2021 verði samþykktur.

Greinargerð:

Finna má ársreikning samstæðunnar vegna ársins 2021 á vefsíðu VÍS; www.vis.is/fjarfestar. Ársreikningurinn verður kynntur af forstjóra VÍS, Helga Bjarnasyni.

Dagskrárlíður 3

Tillaga um ráðstöfun hagnaðar félagsins.

Stjórn félagsins leggur til að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur kr. 2 kr. á hlut fyrir árið 2021. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er um 3.789 milljónir króna, en að teknu tilliti til eigin bréfa munu 3.500 milljónir króna greiðast til hluthafa. Arðsákvörðunardagur er 17. mars 2022 sem þýðir að skráðir hluthafar í lok dags 21. mars 2022 (arðsréttindadagur) eiga rétt á arðgreiðslu. Arðleysisdagur er því 18. mars 2022 sem er fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag og útborgunardagur er 29. mars 2022 (arðgreiðsludagur).

Greinargerð:

VÍS hefur skilgreint áhættuvilja félagsins út frá gjaldþolshlutfalli sem er á bilinu 1,35 – 1,70. Arðgreiðslustefna félagsins hefur frá árinu 2018 verið að greiða allt að 100% af hagnaði hvers árs eftir skatta í arð. Arðgreiðslufjárhæð skal þó aldrei leiða til lægra gjaldþolshlutfalls eftir greiðslu arðs en áhættuvilji félagsins segir til um. Gjaldþolshlutfall samstæðunnar án arðgreiðslu og endurkaupa er 1,76 en að teknu tilliti til arðgreiðslu er hlutfallið 1,48 í árslok 2021.

Dagskrárlíður 4

Tillaga um starfskjarastefnu og kaupaukakerfi

Stjórn leggur til að starfskjarastefna félagsins eins og hún er lögð fram af stjórn fyrir aðalfund verði samþykkt. Starfskjarastefna með upplýsingum um kaupaukakerfi er í sérstöku skjali sem fylgir ályktunartillögum þessum.

Samhliða leggur stjórn til að aðalfundur samþykki áætlun um kostnað við kaupaukakerfi félagsins, sem gerð er grein fyrir í fyrirbyggjandi starfskjaraskýrslu. Áætlaður kostnaður við kaupaukakerfi félagsins 2022 er 131 milljónir króna með launatengdum gjöldum sem miðar við [80%] árangur. Hámarkskostnaður vegna kaupaukakerfisins 2022 getur mest orðið 163 milljónir króna.

Greinargerð:

Efnislegar breytingar sem lagðar eru til frá starfskjarastefnu fyrra árs tengjast aðallega viðmiðum í kaupréttarkerfi framkvæmdastjórnar og almennu kaupaukakerfis starfsmanna sem sett eru vegna ársins 2022. Þá er áréttuð sú tilhögun að stjórnarmenn njóti starfsmannakjara á tryggingum félagsins.

Dagskrárlíður 5

Tillaga um lækku hlutfjár vegna kaupa á eigin hlutum skv. endurkaupaáætlun

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til samþykktar á aðalfundi félagsins:

„Aðalfundur VÍS, haldinn 17. mars 2022 samþykkir að lækka hlutfé félagsins úr 1.894.462.192 að nafnverði í kr. 1.750.000.000, og að eigin hlutir félagsins að nafnverði kr. 144.462.192 verði þannig ógiltir. Tillagan er samþykkt með fyrirvara um endanlegt samþykki fyrirtækjaskrár Skattsins.“

Greinargerð:

Aðalfundur félagsins þann 19. mars 2021 veitti stjórn heimild að kaupa á næstu 12 mánuðum hluti í félaginu, í þeim tilgangi: i) að koma á viðskiptavakt í félaginu, ii) setja upp formlega endurkaupaáætlun og/eða iii) að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin hlutum,



sem nemur allt að 10% af hlutafé þess, með nánari skilyrðum sem tilgreind voru í ákvörðuninni. Stjórn félagsins samþykkti endurkaupaáætlanir á grundvelli heimildarinnar þann 29. apríl, 23. júní og 21. október 2021, en á grundvelli þeirra voru keyptir hlutir í félaginu alls að nafnverði kr. 144.462.192. Endurkaupaáætlanir félagsins voru framkvæmdar í samræmi lög um hlutafélög nr. 2/1995 og lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021, sbr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 596/2014 um markaðssvik, sbr. framselda reglugerð nr. 2016/1052 um tæknilega staðla og skilyrði endurkaupaáætlana.

Dagskrárlíður 6

Breytingar á samþykktum félagsins

Stjórn leggur til eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins:

Tillaga I:

Verði tillaga samkvæmt dagskrárlíð 5 um lækun hlutafjár samþykkt, skal stjórn félagsins heimilt, að fengnu samþykki fyrirtækjaskrár Skattsins, að uppfæra samþykktir félagsins til samræmis við samþykktu hlutafjár lækun, þannig að 3. gr. samþykktu félagsins orðist svo:

„Hlutafé félagsins er 1.750.000.000 - einn milljarður sjö hundruð og fimmtíu milljónir – og skiptist í jafn marga hluti“.

Greinargerð með tillögu: Breytingartillagan skýrir sig sjálf, og er háð því að tillaga skv. dagskrárlíð 5 verði samþykkt.

Tillaga II:

Stjórn leggur til að við 7. gr. samþykktu félagsins bættist ný 2. málsgrein sem orðast með eftirfarandi hætti:

„Veiti hluthafafundur heimild til kaupa og eignarhalds á eiginhlutum skal heimildarinnar getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal heimildin vera hluti samþykktanna þann tíma sem heimildin er í gildi.“

Greinargerð með tillögu: Framangreind tillaga er lögð fram í þágu þess að auðvelda hluthöfum að hafa yfirsýn yfir þær heimildir sem veittar hafa verið stjórn félagsins og í gildi eru á hverjum tíma.

Dagskrárlíður 7

Ákvörðun um þóknun til stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefninganefnd

Lagt er til að mánaðarleg stjórnarlaun hækki um kr. 17.000 á mánuði og verði kr. 445.000,- fyrir almennan stjórnarmann og kr. 855.000 fyrir formann. Varastjórnarmenn fái greidda eingreiðslu að fjárhæð kr. 445.000,- í upphafi starfsárs og að auki kr. 120.000,- fyrir hvern fund sem þeir mæta á.

Lagt er til að fóst mánaðarleg þóknun verði greidd fyrir störf í undirnefndum stjórnar sem hér segir, en formenn nefnda fái greidda tvöfalda þóknun á við aðra nefndarmenn:

- Fyrir setu í endurskoðunarnefnd kr. 75.000 á mánuði
- Fyrir setu í starfskjaranefnd kr. 50.000 á mánuði
- Fyrir setu í áhættunefnd kr. 75.000 á mánuði
- Þóknun fyrir störf í tilnefningarnefnd verði óbreytt, eða kr. 95.000 á mánuði og tvöföld þóknun fyrir formann nefndar.

Greinargerð með tillögu: Lagt er til að stjórnarlaun hækki um sambærilega krónutölu og almenn hækkingu sem kom til framkvæmda í kjarasamningum VR og SA um áramót. Nefndarlaun breytist með þeim hætti að laun í endurskoðunarnefnd verði óbreytt, en laun áhættunefndar jöfnuð við laun endurskoðunarnefndar, þar sem fjöldi funda í báðum nefndum er orðinn sá sami og mikið efni hefur færst frá endurskoðunarnefnd yfir í áhættunefnd á síðustu árum. Laun starfskjaranefndar voru lækkuð á síðasta ári í ljósi færri funda á starfsárinu þar á undan, en starf nefndarinnar hafi verið talsvert umfangsmeira á yfirstandandi starfsári og horfur eru sambærilegu umfangi starfs nefndarinnar á næsta starfsári. Er því lagt til að laun fyrir starfskjaranefnd verði hækkuð í 50.000 á mánuði.

Dagskrárlíður 8

Kosning til stjórnar félagsins

Samkvæmt samþykktum félagsins skal kjósa fimm aðalmenn til stjórnar og tvo til vara fyrir komandi starfsár. Eyðublað vegna framboðs má finna á vefsíðu félagsins. Framboðsfrestur til setu í stjórn VÍS rennur út kl. 16:00 laugardaginn 12. mars nk.

Senda skal undirritað eyðublað á tölvupóstfangið tilnefningarnefnd@vis.is eða skila á skrifstofu félagsins að Ármúla 3 í Reykjavík fyrir fyrrgreindan tíma. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnarsetu verða aðgengilegar á vefsíðu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund, auk þess sem þær verða lagðar fram hluthöfum til sýnis í höfuðstöðvum félagsins.



Dagskrárliður 9

Kosning endurskoðunarfélags

Stjórn leggur til að PricewaterhouseCoopers ehf. verði kjörið endurskoðunarfélag VÍS.

Greinargerð:

PricewaterhouseCoopers ehf. var á aðalfundi 2018 kjörið endurskoðunarfélag VÍS og endurkjörið á aðalfundum 2019, og 2020 og 2021. Ákvæði um að endurskoðunarfélög váttryggingafélaga skuli kjörin til 5 ára í senn hefur þó verið fellt á brott úr lögum um váttryggingastarfsemi.

Dagskrárliður 10

Kosning tilnefningarnefndar

Samkvæmt samþykktum félagsins skal kjósa þrjá nefndarmenn í tilnefningarnefnd félagsins fyrir komandi starfsár. Eyðublað vegna framboðs má finna á vefsíðu félagsins. Senda skal undirritað eyðublað á tölvupóstfangið stjorn@vis.is eða skila á skrifstofu félagsins að Ármúla 3, Reykjavík. Framboðsfrestur til setu í tilnefningarnefnd VÍS rennur út kl. 16:00 laugardaginn 12. mars nk.

Dagskrárliður 11

Tillaga um heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til samþykktar á aðalfundi félagsins:

„Stjórn félagsins er heimilt að kaupa á næstu 12 mánuðum hluti í félaginu, í þeim tilgangi i) að koma á viðskiptavakt í félaginu, ii) setja upp formlega endurkaupaáætlun og/eða iii) að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin hlutum, t.d. með útbodsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum, þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutafé þess. Heimild til endurkaupa á eigin hlutum í þeim tilgangi að lækka hlutafé er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði í Kauphöll Íslands, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil er þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga.“

Greinargerð með tillögu:

Stjórn óskar eftir nýrri heimild til endurkaupa á eigin hlutum. Vakin er athygli hluthafa á því að lagarammi váttryggingafélaga gerir ráð fyrir fyrir fram samþykki Fjármálaeftirlitsins til endurkaupa á eigin hlutum í því skyni að lækka hlutafé. Lækkun hlutafjár í kjölfar endurkaupa verður ekki framkvæmd nema að fengnu samþykki hluthafafundar.

Skal stjórn miða við að forsendur fyrir endurkaupum á hverjum tíma séu að sjálfbærni félagsins til framtíðar sé tryggð, að gjaldþolshlutfall félagsins haldist innan skilgreinds áhættuvilja stjórnar og að lausafjárstaða verði áfram sterk.

Dagskrárliður 12

Kynning á stefnu stjórnar um fjármagnsskipan og greiðslur til hluthafa

Stjórn hefur sett félaginu stefnu um fjármagnsskipan og greiðslur til hluthafa félagsins sem fjallar um eigið fé, eiginfjárahættu, eiginfjárstýringu og greiðslur til hluthafa, þ.m.t. greiðslu arðs. Grundvöllur stefnunnar er sá að hámarka arðsemi eigin fjár innan þess áhættuvilja sem félaginu er settur. Stjórn félagsins samþykkti á fundi sínum þann 24. febrúar sl. breytingar á stefnunni, sem rétt þykir að kynna fyrir hluthöfum félagsins, og bjóða upp á umræðu með hluthöfum um þær áherslubreytingar sem þar hafa verið gerðar. Stefnan gerir ráð fyrir að stefnt sé að því að:

Staða eigin fjár félagsins skuli á hverjum tíma með þeim hætti að sjálfbærni félagsins til framtíðar sé tryggð. Í því samhengi er litið til þess að:

- Ávallt sé horft til þess að hámarka arðsemi eigin fjár að teknu tilliti til áhættu og framtíðarhorfa.
- Gjaldþolshlutfall félagsins haldist innan skilgreinds áhættuvilja þess sem nú er á bilinu 1,35-1,70.
- Lausafjárstaða sé sterk.

Við ákvörðun á greiðslum til hluthafa skal:

- Horft til þess hvaða form greiðslna til hluthafa sé hagkvæmast að nota hverju sinni, m.t.t. lausafjárstöðu, gjaldþolshlutfalls og markaðsáhættu. Félagið geti greitt arð, farið í endurkaup á eigin bréfum, öfugt útboð eða hlutfjárhlækkun
- Stefnt að því að hluthöfum verði árlega greiddur arður sem nemur að lágmarki [40%] af hagnaði síðasta rekstrarárs eftir skatta.
- Til viðbótar við ráðstöfun hagnaðar undangengins rekstrarárs skal félagið líta til viðbótargreiðslna til hluthafa í formi endurkaupa eða annarra leiða með það að markmiði að ná fram markmiðum félagsins um eiginfjárhlutfall og til að hámarka arðsemi eigin fjár að teknu tilliti til áhættuvilja

Greinargerð:

Á árinu 2018 lagði stjórn VÍS til við hluthafa að hlutfé félagsins verði lækkað með því að greiða hluthöfum út hlutabréf í Kviku banka. Aðgerðin var stór þáttur í þeim breytingum sem voru gerðar á sama tíma, þegar ný fjármagnsskipan var sett fyrir félagið til að þoka því í átt að þeirri fjármagnsskipan sem þekkist hjá tryggingafélögum á Norðurlöndum. Í því samhengi var boðað til hluthafafundar í júní 2018 þar sem óskað var eftir staðfestingu hluthafa á áformunum. Markmið var sett um að draga úr markaðsáhættu félagsins og að grunnrekstur væri arðbær. Með vísan til þess var sett það markmið til næstu 3-5 ára að gjaldþolshlutfall verði á bilinu 1,35-1,70, samsett hlutfall verði undir 95% og eiginfjárhlutfall á bilinu 25-28%.

Frá árinu 2018 hefur átt sér mikil þróun í félaginu og nú er svo komið að félagið hefur nálgast ofangreind markmið sem er grunnur að sjálfbærum váttryggingarrekstri. Þá hefur verið farið í miklar fjárfestingar í grunnkerfum sem og tæknilegum innviðum félagsins, sem er nú með afar sterka stöðu og öflugan tæknigrunn.

Á sama tíma hefur átt sér stað hröð samfélags- og tækniþróun, sem hefur breytt og er líklegt til að halda áfram að breyta samkeppnisumhverfinu, með aukinni fjártækni, nýjum aðilum og dreifileiðum á markaði. Aukið regluverk og mikil framþróun í fjártækni hefur leitt fram sameiningar fjármála-fyrirtækja víða um heim síðustu ár þar sem leitað er leiða til að lækka kostnað og ná til viðskiptavina með nýjum tekjustraumum. Þannig hefur mátt greina skýra þróun hjá innlendum og erlendum aðilum sem félagið horfir til, m.a. í þá átt að félög nýti styrkleika sína og innviði til frekar útvíkkunar á starfsemi sinni þar sem m.a. fjártæknilausnir nýtast til að bjóða viðskiptavinum upp á víðtækara vöruframboð og til að stækka viðskiptavinagrunn sinn.

Félagið hefur að undanförmu haft til skoðunar möguleika til útvíkkunar á ýmskonar fjármálatengdri starfsemi sem fellur vel að félaginu. Með vísan til þessa og þeirra breytinga í umhverfi félagsins sem lýst hefur verið hefur verið hér að framan hefur stjórn nú sett sér stefnu um fjármagnsskipan og greiðslur til hluthafa sem setur m.a. stefnu um arðgreiðslu að lágmarki 40% af hagnaði síðasta árs eftir skatta til hluthafa. Samhliða horfir stjórn til þess að horft verði til tækifæra á markaði til að renna fleiri stoðum undir tekjumyndun félagsins með það að leiðarljósi að hámarka arðsemi eiginfjár.

Dagskrárliður 13

Önnur mál löglega fram borin